

**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Skagafjörður.
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Tillaga varðar Sauðárkrók og Hofsós sem tilheyra sveitarfélaginu Skagafirði.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	23. desember 2022.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Ákvæði 1. másl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður: "Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2022. "
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Skagafjörður er sameinað sveitarfélag og er eitt atvinnusvæði. Lögheimili skal því vera innan sveitarfélagsins.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Tvær tillögur eru varðandi breytingu á 4. gr.:  Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa, 30 brúttótonnum og yfir, af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 7,5 þorskígildistonn á skip."  Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem er landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Vilji er til þess að aflamark fari meira til minni útgerðanna og er þeim gífurlega mikilvægt. Í sveitarfélaginu Skagafirði eru aðeins 3 skip yfir 30 BT og færi stór hluti byggðakvóta til þessara þriggja báta. Rest færi til minni báta.  Fleiri en ein höfn er innan marka sveitarfélagsins Skagafjarðar og mikilvægt er að geta landað innan sveitarfélagsins, óháð því á hvaða höfn Sveitarfélagsins er landað. Sami rekstraraðili er að höfninni á Hofsósi og Sauðárkróki (Skagafjarðarhafnir) og gengur oft illa að manna höfnina í Hofsósi og er því mikilvægt að bátar frá Hofsósi hafi heimild til að landa á Sauðárkróki og öfugt.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Tvær tillögur eru varðandi breytingu á 6. gr.:  Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu.  Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins. "

<p><b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b></p>	<p>Engin fiskvinnsla er á Hofsósi og hefur byggð þar barist í bökkum undanfarin ár. Fiskvinnsla FISK Seafood á Sauðárkróki er sú eina í sveitarfélaginu. FISK hefur verið leiðandi fyrirtæki í svokallaðri "ofurkælingu" og hefur sérhæft vinnslu sína til að taka á móti afla sem hefur verið meðhöndlaður með ofurkælingu. Vegna þessarar sérhæfingar sjá þeir ekki fært að taka á móti afla frá bátum sem ekki búa yfir þessari ofurkælingu. Betra er því að koma honum á markað með öðrum hætti.</p> <p>Fleiri en ein höfn er innan marka sveitarfélagsins Skagafjarðar og mikilvægt er að geta landað innan sveitarfélagsins, óháð því á hvaða höfn Sveitarfélagsins er landað.</p>
<p>Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a>.</p>	